



Síldarvinnslan hf

Ársreikningur móðurfélags 2025



Efnisyfirlit**bls.**

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	2 - 4
Áritun óháðs endurskoðanda	5 - 9
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	10
Efnahagsreikningur	11 - 12
Eiginfjáryfirlit	13
Sjóðstreymi	14
Skýringar	15 - 38

Síðarvinnslan hf.

Kennitala 570269-7479

Hafnarbraut 6, Neskaupstað

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Meginstarfsemi félagsins

Síldarvinnslunnar hf. er í dag meðal öflugustu og stærstu sjávarútvegsfyrirtækja landsins. Síldarvinnslan hefur orðið til við samruna og uppkaup á rótgrónum sjávarútvegsfyrirtækjum sem eiga sér mikla og langa sögu. Byggir starfsemin félagsins á áratuga reynslu í fiskvinnslu og útgerð. Síldarvinnslan er eitt stærsta félag landsins í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski og stærsti framleiðandi fiskimjòls og lýsis

Ársreikningur Síldarvinnslunnar hf. fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu (ESB) og viðeigandi kröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Samhliða þessum móðurfélagsársreikningi gerir Síldarvinnslan samstæðureikningsskil fyrir félagið og dótturfélög. Dótturfélögin eru talin upp í skýringu 9.

Rekstur og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur félagsins 235,1 milljón dollara á árinu 2025. Hagnaður af rekstrinum nam 63,3 milljónum dollara á árinu 2025. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir um 936,5 milljónum dollara í árslok 2025.

Eigið fé í lok árs 2025 nam 730,9 milljónum dollara. Eiginfjárlutfall Síldarvinnslunnar hf. var 78,0% í árslok 2025. Í ársreikningnum eru upplýsingar um mat á helstu eignum Síldarvinnslunnar.

Meðalfjöldi stöðugilda á árinu var 289 en 290 árið áður. Nánari upplýsingar um laun og launatengd gjöld er að finna í skýringu nr. 3.

Samruni Bergs - Hugins ehf. og Bergs ehf.

Félagið Bergur ehf., sem var í 100% eigu Bergs - Hugins ehf., hefur verið sameinað móðurfélagi sínu undir nafni Bergs - Hugins ehf. frá og með 1. janúar 2025.

Samruni Vísis ehf. Samvís ehf. og Þorvís ehf.

Félögin Samvís ehf. og Þorvís ehf., sem voru í 100% eigu Vísis ehf., hafa verið sameinuð móðurfélagi sínu undir nafni Vísis ehf. frá og með 1. janúar 2025.

Starfrækslugjaldmiðill

Frá og með 1. janúar 2026 mun starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill Síldarvinnslunnar vera í evrum í stað bandaríkjadollar. Sjá nánar í skýringu nr. 23.

Veiðigjöld

Í júlí 2025 samþykkti Alþingi breytingar á lögum um veiðigjald. Breytingarnar fela í sér verulega hækkun veiðigjalda. Sjá nánar skýringu 23.

Eldur í vinnslu hlutdeildarfélagsins Cabo Norte á Spáni

Í lok janúar 2026 braust út eldur í vinnslu hlutdeildarfélagsins Cabo Norte á Spáni. Vinnslan gjöreyðilagðist en ekki varð manntjón. Eignin var váttryggð. Sjá nánar skýringu 23.

Jarðhræringar við Grindavík

Kvikusöfnun hefur haldið áfram á Reykjanesskaga, en ekki hefur gosið frá 5. ágúst 2025. Vinnsla félagsins hefur gengið án raskana. Sjá nánar skýringu 23.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórn Síldarvinnslunnar hf. leggur til við aðalfund að greiddur verði arður til hluthafa vegna reikningsársins 2025 samkvæmt arðgreiðslustefnu félagsins. Arðgreiðsla til hluthafa nemi 38,5% hagnaðar ársins eða 3.075,0 millj. króna (24,6 millj. USD miðað við lokagengi ársins 2025). Arðgreiðslan nemur 1,67 kr. á hlut. Arðurinn samsvarar 1,7% af markaðsvirði hlutafjár í árslok 2025. Samþykki aðalfundur tillöguna skal arðsréttindadagur vera 23. mars 2026, þ.e. réttur hluthafa til arðgreiðslu verður miðaður við hlutaskrá félagsins í lok þess viðskiptadags. Arðleysisdagur, þ.e. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf félagsins án réttar til arðs vegna reikningsársins 2025 verður því 20. mars 2026, eða næsti viðskiptadagur eftir aðalfund. Útborgunardagur arðs verður 25. mars 2026.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Eignaraðild

Í árslok 2025 voru hluthafar í félaginu 2.592 í lok árs en 3.072 í upphafi árs. Tíu stærstu hluthafar í árslok 2025 voru:

	Árslok 2025	Árslok 2024
Samherji hf., kt. 610297-3079.....	30,06%	30,06%
Kjálkanes hf., kt. 461115-0710.....	16,06%	16,06%
Gildi - lífeyrissjóður, kt. 561195-2779.....	10,52%	10,54%
Samvinnufélag útgerðarmanna, kt. 550269-0319.....	10,10%	10,10%
Eignarhaldsfél. Snæfugl ehf., kt. 670209-0320.....	3,46%	3,49%
Lífeyrissjóður verslunarmanna, kt. 430269-4459.....	3,27%	3,32%
Brú Líf.sj. starfsm. Sveitarf. kt. 491098-2529.....	2,95%	2,30%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild kt. 550197-3409.....	2,75%	2,30%
Stapi lífeyrissjóður, kt. 601092-2559.....	2,59%	2,85%
Almenni lífeyrissjóðurinn, kt. 450290-2549.....	1,44%	1,38%
Síldarvinnslan hf., kt. 570269-7479 (eigin bréf).....	0,01%	0,01%
Aðrir hluthafar.....	16,79%	17,59%
	<u>100%</u>	<u>100%</u>

Í lok árs á félagið eigin hluti að nafnverði 108.000. Nánari umfjöllun um hlutafé og umfjöllun um eigin hluti er að finna í eiginfjárfirliti og skýringu nr. 16.

Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi félagsins hefur í för með sér margvíslega fjárhagslega áhættu. Helsta fjárhagslega áhætta félagsins er gengisþróun íslensku krónunnar gagnvart erlendum myntum. Félagið er ekki með formlegar gjaldeyrisvarnir en hefur gert framvirka vaxtaskiptasamninga til að verjast áhættu vegna breytinga á vöxtum. Jafnframt eru gjaldmiðlaskiptasamningar notaðir til að verjast gengisáhættu að hluta. Í skýringum, þ.á.m. skýringu nr. 22, er að finna frekari upplýsingar um fjárhagslega áhættustjórnun.

Í samræmi 65. grein laga um ársreikninga upplýsir stjórn félagsins um að í stjórn sitja 3 karlar og 2 konur.

Til samræmis við 63. gr. laga um hlutafélög upplýsir stjórn félagsins að 84,6% af starfsmönnum félagsins eru karlar og 15,4% konur. Þar af eru sjómenn 125 eða 46,0% starfsmanna, tvær konur eru á sjó hjá félaginu. Í hópi stjórnenda og sérfræðinga félagsins eru 86,5% karlar og 13,5% konur.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Stjórn félagsins vísar til samstæðuársreiknings Síldarvinnslunnar um ófjárhagslegar upplýsingar, samkvæmt 66. gr. laga um ársreikninga. Undir umfjölluninni um ófjárhagslegar upplýsingar er einnig upplýsingagjöf félagsins í samræmi við flokkunarreglugerð ESB (EU Taxonomy).

Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórn Síldarvinnslunnar leitast við að fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf og Samtökum atvinnuufsins (síðast gefnar út í febrúar 2021). Stjórn vísar til samstæðuársreiknings Síldarvinnslunnar um stjórnarháttayfirlýsingu félagsins og samstæðunnar.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Yfirlýsing stjórnarmanna og forstjóra

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningssskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu (ESB) og lög um ársreikninga og viðeigandi kröfur um upplýsingagjöf sem settar eru í íslenskum lögum, reglum og reglugerðum um innihald og upplýsingar í ársreikningum.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2025, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess þann 31. desember 2025. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri Síldarvinnslunnar hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Neskaupstað, 4. mars 2026.

Þorsteinn Már Baldvinsson
Stjórnarformaður

Anna Guðmundsdóttir
Meðstjórnandi

Baldur Már Helgason
Meðstjórnandi

Erla Ósk Pétursdóttir
Meðstjórnandi

Guðmundur Rafnkell Gíslason
Meðstjórnandi

Gunnþór Ingvason
Forstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Síldarvinnslunnar hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Síldarvinnslunnar hf. fyrir árið 2025, að undanskilinni skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga.

Álit okkar er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra.
- Rekstrarreikning ársins 2025.
- Yfirlit um heildarafkomu fyrir árið 2025.
- Efnahagsreikning 31. desember 2025.
- Eiginfjáryfirlit árið 2025.
- Sjóðstreymi ársins 2025.
- Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, lýsum við yfir að önnur þjónusta sem við höfum veitt félaginu er í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglna og að við höfum ekki veitt þjónustu sem óheimilt er að veita samkvæmt ákvæðum 5.1. gr. Evrópureglugerðar nr. 537/2014.

Gerð er grein fyrir annarri þjónustu sem við höfum veitt félaginu, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2025, í skýringu 5.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði sem að okkar faglega mati höfðu mesta þýðingu í endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins árið 2025. Sem hluti af endurskoðun okkar á ársreikningnum voru þessi lykilatriði skoðuð sérstaklega. Við látum ekki í ljós sérstakt álit varðandi þessi lykilatriði, einungis er látið í ljós álit á ársreikningnum í heild.

Áritun óháðs endurskoðanda

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Mat fiskveiðiheimilda

Bókfærðar fiskveiðiheimildir í ársreikningi félagsins nema um USD 158,3 milljónum í lok árs 2025. Það samsvarar um 17% af eignum og um 22% af eigin fé félagsins.

Fiskveiðiheimildir er verulegur liður í reikningsskilum félagsins. Vegna óvissu í mati tengt forsendum stjórnenda og öðrum forsendum sem virðisrýrnunarpróf byggja á er mat þessa liðar lykilatriði í endurskoðun okkar.

Sjá nánar umfjöllun í skýringum nr. 2.10 og 2.12 um reikningsskilaaðferðir gagnvart óefnislegum eignum og virðisrýrnun annarra eigna en fjáreigna og í skýringu nr. 7 um óefnislegar eignir.

Endurskoðunaraðgerðir

Endurskoðun á mati bókfærðra fiskveiðiheimilda fólst m.a. í eftirfarandi:

- Úthlutun aflahlutdeildar og aflamarks staðreynd og stemmd af við opinber gögn um úthlutun.
- Bókfært verð borið saman við gangvirði í nýlegum viðskiptum og mat kvótamiðlara.
- Yfirferð á virðisrýrnunarprófi stjórnenda um nýtingarvirði í framtíðarrekkstri. Virðisrýrnunarprófið var endurreiknað með aðstoð verðmatssérfræðinga PwC.
- Forsendur rekstrar- og sjóðstreymisáætlana til næstu fimm ára voru yfirfarnar. Í þeirri vinnu fólst að lagt var mat á forsendur um tekjur, rekstrarkostnað, framlegð og fjárfestingar fyrir spátímabilið, m.a. á grundvelli sögulegra upplýsinga og áætlana.
- Forsendur um framtíðarvöxt voru yfirfarnar.
- Ávöxtunarkrafa (WACC) sem notuð er við núvirðingu var borin saman við fjármagnskostnað félagsins og ytri markaðsforsendur.
- Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Mat og tilvist birgða

Birgðir í ársreikningi félagsins nema USD 47,1 milljónum í lok árs 2025. Það samsvarar um 5% af eignum og 7% af eigin fé félagsins.

Birgðir hafa víðtæk áhrif á reikningsskil félagsins og tilvist þeirra er grundvöllur að mati kostnaðarverðs/framleiðslukostnaðarverðs.

Kostnaðarverð/framleiðsluverð vörubirgða er háð mati stjórnenda og byggir á útreikningum um framlegð og öðrum forsendum stjórnenda, sem og samanburði við dagverð. Því er þessi liður lykilatriði í endurskoðun okkar.

Sjá nánar umfjöllun í skýringu nr. 2.14 um reikningsskilaaðferðir gagnvart birgðum og skýringu nr. 13 um birgðir.

Endurskoðunaraðgerðir

Endurskoðun á mati og tilvist birgða fólst m.a. í eftirfarandi.

- Yfirferð á birgðaferlinum og samsetningu birgða.
- Endurskoðun á tilvist birgða fólst í skoðun og úrtakstalningu á afurðabirgðum og öðrum birgðum félagsins um áramót.
- Aðferðafræði og forsendur stjórnenda við mat birgða voru yfirfarnar.
- Kostnaðarverð/framleiðsluverð birgða er m.a. metið út frá framlegðarhlutföllum deilda og því voru forsendur um framlegð og útreikningur framlegðar staðreyndur á grundvelli deildaruppgjöra fyrir árið.
- Söluverðmæti birgðanna eftir áramót, sem liggur til grundvallar á mati birgða, var yfirfarið með úrtaksprófunum.
- Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar.

Áritun óháðs endurskoðanda

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Endurskoðunaraðgerðir

Mat eignarhluta í dótturfélögum

Eignarhlutir í dótturfélögum eru í ársreikningi félagsins bókfærðir á um USD 306 milljónir í lok árs 2025. Það samsvarar um 33% af eignum og 42% af eigin fé félagsins.

Eignarhlutir í dótturfélögum er verulegur liður í reikningsskilum félagsins. Innifalið í bókfærðu verði er m.a. yfirverð sem úthlutað hefur verið á fiskveiðiheimildir. Vegna óvissu í mati tengt forsendum stjórnenda og öðrum forsendum sem virðisrýmunarpróf vegna fiskveiðiheimilda byggja á er þessi liður lykilatriði í endurskoðun okkar.

Sjá nánar umfjöllun í skýringum nr. 2.3 og 2.12 um reikningsskilaaðferðir vegna eignarhluta í dótturfélögum og virðisrýmun annarra eigna en fjáreigna. Jafnframt skýringu nr. 9 um eignahluti í dótturfélögum.

Endurskoðun á mati eignarhluta í dótturfélögum fólst m.a. í eftirfarandi:

- Reikningsskilaaðferðir vegna færslu á eignarhlutum í dótturfélögum voru yfirfarnar.
- Bókfært verð eignarhluta sannreynt gagnvart undirliggjandi reikningsskilum dótturfélaga og yfirverði, þar sem við á.
- Hlutdeild Síldarvinnslunnar í afkomu dótturfélaga yfirfarin og borin saman við skráða eignarhlutdeild.
- Móttekna arðstekjur frá dótturfélögum yfirfarnar og sannreynðar, þar sem við á.
- Umreikningur úr starfrækslugjaldmiðli hvers dótturfélags yfir í starfrækslugjaldmiðil móðurfélags yfirfarinn.
- Mat á mögulegri virðisrýmun á bókfærðu verði eignarhluta í dótturfélögum yfirfarið.
- Endurskoðunaraðgerðir sem beitt er við endurskoðun á mati fiskveiðiheimilda voru jafnframt framkvæmdar vegna mats á bókfærðum eignarhlutum í dótturfélögum.
- Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga, þ.m.t. skýrslu og yfirlýsingar stjórnar og forstjóra og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, sem tilgreindar eru hér að ofan, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhættan af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi félagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvíska ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralaus álit. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við uppfylfum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Við höfum lagt mat á hvaða atriði, af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, höfðu mesta þýðingu á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum lykilatriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé opinberlega um tiltekin atriði eða í algjörum undantekningartilfellum þegar mat okkar er að neikvæðar afleiðingar af birtingu slíkra upplýsinga vegi þyngra en ávinningur almennings af birtingu upplýsinganna.

Áritun óháðs endurskoðanda

Önnur atriði samkvæmt ákvæðum laga og reglna

Kosning endurskoðanda

Við vorum kosin endurskoðendur á aðalfundi Síldarvinnslunnar hf. þann 12. mars 2018. Kosning okkar hefur verið endurnýjuð árlega á aðalfundi félagsins og höfum við því verið endurskoðendur ársreiknings félagsins samfellt í 8 ár.

Reykjavík, 4.mars 2026.

PricewaterhouseCoopers ehf.

Kristinn Kristinsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýringar	2025	2024
Rekstrartekjur			
Seldar vörur		234.892.133	214.569.020
Hagnaður af sölu fastafjármuna		239.864	278.783
		<u>235.131.997</u>	<u>214.847.803</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara		93.848.035	94.873.493
Laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður	3	59.659.961	50.914.529
Annar rekstrarkostnaður	4	4.691.691	4.975.202
		<u>158.199.687</u>	<u>150.763.224</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)		76.932.311	64.084.579
Afskriftir fastafjármuna	8	15.980.123	13.861.034
Rekstrarhagnaður		<u>60.952.188</u>	<u>50.223.545</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur og verðbætur	6	3.299.295	5.177.573
Vaxtagjöld og verðbætur		(9.453.295)	(12.771.326)
Gengismunur		2.787.120	3.220.493
Tekjur af verðbréfum og afleiðusamningum		522.015	2.355.177
		<u>(2.844.865)</u>	<u>(2.018.083)</u>
Áhrif af rekstri dótturfélaga	9	22.846.966	5.267.273
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga	10	(5.521.652)	523.820
		<u>17.325.314</u>	<u>5.791.093</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		75.432.637	53.996.555
Tekjuskattur	18	(12.111.956)	(10.120.719)
Hagnaður ársins		<u>63.320.681</u>	<u>43.875.835</u>

Yfirlit um heildarafkomu fyrir árið 2025

	Skýringar	2025	2024
Hagnaður ársins		63.320.681	43.875.835
Önnur heildarafkoma	16		
<i>Liðir sem síðar munu verða endurflokkaðir yfir rekstur:</i>			
Þýðingarmunur vegna eignarhluta í félögum		45.379.616	(17.994.387)
Heildarafkoma ársins		<u>108.700.296</u>	<u>25.881.448</u>

Skýringar á blaðsíðum 15 til 38 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýringar	31.12.2025	31.12.2024
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir:			
Fiskveiðiheimildir	7	158.276.223	158.276.223
		<u>158.276.223</u>	<u>158.276.223</u>
Rekstrarfjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	163.290.444	178.925.357
Leiguréttindi	8	1.051.376	1.099.388
		<u>164.341.820</u>	<u>180.024.745</u>
Fjárfestingar:			
Eignarhlutar í dótturfélögum	9	305.959.045	252.592.876
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	10	151.559.767	126.058.718
Eignarhlutar í öðrum félögum	11	214.219	214.219
		<u>457.733.031</u>	<u>378.865.813</u>
Fastafjármunir samtals		780.351.074	717.166.781
Veltufjármunir			
Skuldabréfaeign	12	0	46.664
Birgðir	13	47.144.947	44.206.422
Viðskiptakröfur	14	29.192.294	29.422.257
Aðrar skammtímakröfur	14	2.741.383	5.164.639
Handbært fé	15	77.046.993	91.237.933
		<u>156.125.618</u>	<u>170.077.915</u>
Eignir samtals		<u>936.476.692</u>	<u>887.244.696</u>

Skýringar á blaðsíðum 15 til 38 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eigið fé og skuldir	Skýringar	31.12.2025	31.12.2024
Eigið fé	16		
Hlutfé		15.122.610	15.122.610
Yfirverðsreikningur hlutafjár		126.764.582	126.764.582
Annað bundið eigið fé		116.517.673	45.893.331
Óráðstafað eigið fé		472.470.693	452.081.997
		<u>730.875.559</u>	<u>639.862.520</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir og skuldbindingar:			
Skuldir við lánastofnanir	17	137.213.232	178.598.827
Tekjuskattskuldbinding	18	36.664.234	36.770.970
		<u>173.877.466</u>	<u>215.369.797</u>
Skammtímaskuldir:			
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	17	8.015.231	3.466.667
Reiknaðir skattar ársins	18	13.079.528	9.616.553
Viðskiptaskuldir	19	4.743.014	10.194.765
Aðrar skammtímaskuldir	19	5.037.868	6.214.320
Skuldir við tengd félög	21	848.026	2.520.075
		<u>31.723.667</u>	<u>32.012.379</u>
Skuldir samtals		205.601.133	247.382.176
Eigið fé og skuldir samtals		<u>936.476.692</u>	<u>887.244.696</u>
Aðrar upplýsingar	5, 20, 22, 23		

Skýringar á blaðsíðum 15 til 38 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Eiginfjáryfirlit árið 2025

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

Hreyfingar 2024:	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Staða í ársbyrjun	15.122.610	126.764.582	58.884.248	436.479.952	637.251.392
<i>Heildarafkoma:</i>					
Hagnaður ársins				43.875.835	43.875.835
Pýðingarmunur			(17.994.387)		(17.994.387)
Bundinn			0		
- hlutdeildarreikningur			5.534.841	(5.534.841)	0
- gangvirðisreikningur			(531.372)	531.372	0
	0	0	(12.990.918)	38.872.366	25.881.448
<i>Eigendur:</i>					
Greiddur arður	0	0	0	(23.270.321)	(23.270.321)
	0	0	0	(23.270.321)	(23.270.321)
Staða í árslok	15.122.610	126.764.582	45.893.331	452.081.997	639.862.520
Hreyfingar 2025:	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Staða í ársbyrjun	15.122.610	126.764.582	45.893.331	452.081.997	639.862.520
<i>Heildarafkoma:</i>					
Hagnaður ársins				63.320.681	63.320.681
Pýðingarmunur			45.379.616		45.379.616
Bundinn					
- hlutdeildarreikningur			25.244.726	(25.244.726)	0
	0	0	70.624.343	38.075.954	108.700.297
<i>Eigendur:</i>					
Greiddur arður	0	0	0	(17.687.258)	(17.687.258)
	0	0	0	(17.687.258)	(17.687.258)
Staða í árslok	15.122.610	126.764.582	116.517.673	472.470.693	730.875.559

Annað eigið fé

Ítarlegri upplýsingar um eigið fé félagsins má finna í skýringu 16.

Skýringar á blaðsíðum 15 til 38 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Sjóðstreymi ársins 2025

	Skýringar	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður ársins		60.952.188	50.223.545
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	15.980.123	13.861.034
Aðrir liðir		(239.864)	(278.784)
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>76.692.447</u>	<u>63.805.795</u>
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur (hækkun) lækkun		2.508.380	(6.247.732)
Birgðir lækkun (hækkun)		(2.938.525)	25.153.334
Skammtímaskuldir hækkun (lækkun)		(7.053.674)	1.769.734
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>69.208.627</u>	<u>84.481.131</u>
Innborgaðir vextir		3.323.961	5.160.983
Greiddir vextir		(10.022.350)	(12.814.803)
Aðrir fjármunaliðir		8.213.470	1.747.721
Greiddur tekjuskattur		(8.755.717)	(14.711.342)
Handbært fé frá rekstri		<u>61.967.992</u>	<u>63.863.690</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	8	(1.871.539)	(14.844.801)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	1.814.204	830.928
Breytingar á skuldabréfaeign		0	105.988
Keyptir eignarhlutar í hlutdeildarfélagi	10	(16.624.068)	0
Arður frá dóttur- og hlutdeildarfélögum	9,10	191.474	449.284
		<u>(16.489.929)</u>	<u>(13.458.601)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Nýjar langtímaskuldir	17	144.993.843	0
Afborganir langtímaskulda	17	(186.975.588)	(3.466.667)
Greiddur arður		(17.687.258)	(23.270.321)
		<u>(59.669.003)</u>	<u>(26.736.989)</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		<u>(14.190.940)</u>	<u>23.668.100</u>
Handbært fé í byrjun árs		91.237.933	67.569.833
Handbært fé í árslok	15	<u>77.046.993</u>	<u>91.237.933</u>

Skýringar á blaðsíðum 15 til 38 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Síldarvinnslan hf. („félagið“) er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Skráð aðsetur félagsins er á Hafnarbraut 6, Neskaupstað.

Reikningsskil félagsins eru hluti af samstæðureikningsskilum Síldarvinnslunnar hf. en félagið er móðurfélag í sæmstæðureikningsskilunum, sem eru gerð í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum félagsins þann 4. mars 2026.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Síldarvinnslunnar hf. fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu (ESB) og lög um ársreikninga og viðeigandi kröfur um upplýsingagjöf sem settar eru í íslenskum lögum, reglum og reglugerðum um innihald og upplýsingar í ársreikningum. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningur félagsins er settur fram í bandaríkjadollurum (USD), sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi rekstrarhæfi.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

2.2 Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Þó svo að matið sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir um mat er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna – upplýsingar má finna í skýringum 2.11 og 8.
- Forsendur fyrir mati á endurheimtanlegri fjárhæð fiskveiðiheimilda má finna í skýringu 2.10, 2.12 og 7.
- Skýringar og aðferðafræði um niðurfærsla viðskipakrafna má finna í skýringu 14.
- Forsendur fyrir mati birgða er að finna í skýringum 2.14 og 13.
- Forsendur fyrir mati á yfirverði í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum er að finna í skýringu 2.3, 2.4, 2.12, 9 og 10.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

2.3 Eignarhlutir í dótturfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélagsins. Eignarhlutar í dótturfélögum er færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýmnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

2.4 Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem móðurfélagið er í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á stjórnun þeirra. Veruleg áhrif eru til staðar þegar félagið tekur þátt í ákvörðunum um fjármál og rekstur hlutdeildarfélaga og er þar að jafnaði miðað við 20% eignahlut sbr. ákvæði laga um ársreikninga. Samkvæmt hlutdeildaraðferð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýmnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Skýringar

2.5 Starfsþáttayfirlit

Félagið birtir ekki starfsþáttayfirlit vegna starfsemi sinnar en vísað er til samstæðuársreiknings Síldarvinnslunnar um starfsþáttayfirlit samstæðunnar.

2.6 Skráning tekna

Tekjur samanstanda af gangvirði vegna sölu á vörum og þjónustu, að frádregnum virðisaukaskatti og afslætti.

Sala á vörum og þjónustu

Félagið framleiðir og selur úrval af sjávarafurðum, fyrst og fremst frystar afurðir og mjöl og lýsi. Frystar afurðir eru seldir í gegnum umboðssölufyrirtæki sem sér um samskipti, gefur út reikninga og sér um innheimtu hjá viðskiptavinum, en Síldarvinnslan getur út reikninga á umboðssölufyrirtækið þegar sala hefur átt sér stað. Mjöl og lýsi er selt beint til viðskiptavina. Öll viðskipti eru með hefðbundnum greiðsluskilmálum og mörg með ábyrgðum í viðskiptum.

Tekjur af sölu eru færðar þegar yfirlit yfir vörnum hafa verið flutt til kaupenda, sem er þegar vörurnar hafa verið afhentar. Afhending fer fram þegar kaupandi hefur tekið við vörnum samkvæmt flutningsskilmálum, áhættan á úreldingu og tapi hefur verið flutt til hans og annað hvort hefur kaupandi samþykkt vörurnar í samræmi við sölusamninginn, staðfestingarákvæði hafa liðið eða félagið hefur hlutlægar vísbendingar um að öll skilyrði fyrir viðurkenningu hafi verið fullnægð. Reikningar eru að jafnaði gefnir út mánaðarlega og eru á gjalddaga við útgáfu. Félagið færir ekki skuldbindingu vegna væntra vöruskila þar sem reynslan sýnir að fjárhæðir hafa verið óverulegar.

2.7 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

(a) Fjármunatekjur

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta vegna allra fjármálagerna sem færðir eru á kostnaðarverði. Arðstekjur eru færðar þegar réttur til greiðslu er fastsettur. Gangvirðisbreytingar fjárfestinga og afleiða á gangvirði eru færðar í rekstrarreikning meðal fjármunatekna.

(b) Fjármagnsgjöld

Öll fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

(c) Tekjur (gjöld) af verðbréfum og afleiðusamningum

Allar hreyfingar á verðbréfum og afleiðusamningum á gangvirði sem færðar eru í rekstrareikning eru taldar hér með. Annars vegar er það arður, vextir og verðbreytingar á hlutabréfum og skuldagerningum á gangvirði, og hins vegar eru það vextir, gengismunur og verðbreytingar á afleiðusamningum.

2.8 Erlendir gjaldmiðlar

Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill félagsins er bandarískir dollarar (USD). Reikningsskil dótturfélaga eru bæði í íslenskum krónum (ISK) og evrum (EUR). Viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en bandarískum dollurum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Fjáreignir og fjárskuldir í öðrum gjaldmiðlum en bandarískum dollurum (USD) eru færðar miðað við opinbert skráð árslokagengi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning, nema í þeim tilfellum þar sem hann er hluti af eignfærðum fjármagnskostnaði.

Skýringar

2.8 Erlendir gjaldmiðlar (framhald)

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2025	2024	31.12.2025	31.12.2024
Íslensk króna (ÍSK)	0,0078	0,0073	0,0080	0,0072
Evra (EUR)	1,1268	1,0825	1,1757	1,0412
Sterlingspund (GBP)	1,3157	1,2789	1,3495	1,2540
Dönsk króna (DKK)	0,1510	0,1451	0,1574	0,1396
Norsk króna (NOK)	0,0962	0,0932	0,0994	0,0884
Japanskt jen (JPY)	0,0067	0,0066	0,0064	0,0064

2.9 Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur af tímabundnum mismunum milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðra fjárhæða þeirra í samstæðureikningskilunum er færður að fullu til skuldar. Frestaður tekjuskattur er hins vegar ekki færður ef hann myndast vegna upphaflegrar færslu eignar eða skuldar í öðrum viðskiptum en sameiningu fyrirtækja sem hefur hvorki áhrif á reikningshaldslegan né skattskyldan hagnað eða tap. Frestaður tekjuskattur er ákvarðaður með því að nota skatthlutföll sem hafa verið lögleidd fyrir dagsetningu efnahagsreiknings eða fyrir liggur að verði lögleidd og vænst er að verði í gildi þegar tengd frestuð skattinneign er innleyst eða frestaða tekjuskattskuldbindingin er gerð upp. Tekjuskattshlutfall vegna frestaðs skatts er reiknað 20%.

Frestaðar skattinneignir eru færðar að því marki sem líklegt er að unnt verði að nýta tímabundinn mismun á móti skattalegum framtíðarhagnaði.

2.10 Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Óefnislegar eignir samanstanda af keyptum fiskveiðiheimildum.

Keyptar fiskveiðiheimildir eru færðar til eignar á kostnaðarverði sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma og eru gerð á þeim virðisrýrnunarpróf að minnsta kosti árlega.

2.11 Rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar sem rekstrarfjármunir þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Um er að ræða varanlega rekstrarfjármuni sem eru tilgreindir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði, þar með talið fjármagnskostnaði, við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Lóðir eru ekki afskrifaðar. Afskriftir annarra eigna eru reiknaðar þannig að mismunur á kostnaðarverði þeirra og áætluðu hrakvirði er dreift línulega á áætlaðan nýtingartíma eignanna. Meiriháttar endurbætur eru afskrifaðar á líftíma viðkomandi eignar eða þeim tíma sem líður að næstu meiriháttar endurbótum, hvort sem skemur er.

Hrakvirði eigna og nýtingartími er endurskoðaður árlega og leiðréttur, ef við á.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi og er fært í rekstrarreikning.

Skýringar

2.12 Virðisrýrnun annarra eigna en fjáreigna

Á hverjum reikningsskiladegi er bókfært verð annarra eigna en fjáreigna yfirfarið með tilliti til vísbendinga um virðisrýrnun. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaprósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð. Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki heimilt að bakfæra.

2.13 Fastafjármunir sem haldið er til sölu

Fastafjármunir eru flokkaðir sem haldið til sölu þegar bókfært verð þeirra á að vera endurheimt í gegnum sölu og salan er talin mjög líkleg. Fastafjármunir sem haldið er til sölu eru færðir á bókfærðu verði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði sé það lægra.

Fastafjármunir sem er haldið til sölu (þar á meðal þær sem eru hluti af aflagðri starfsemi) eru ekki afskrifaðir eða flokkaðir sem haldnir til sölu. Vextir og önnur gjöld sem rekja má til skulda aflagðrar starfsemi eru áfram færð.

Fastafjármunir sem er haldið til sölu og eignir aflagðrar starfsemi sem flokkaðir eru sem haldnar til sölu eru birtar aðskildar frá öðrum eignum í efnahagsreikningi. Skuldir aflagðrar starfsemi sem eru flokkaðar sem haldið til sölu eru settar fram aðskildar frá öðrum skuldum í efnahagsreikningi.

2.14 Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefniskostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Dagverð er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum sölukostnaði. Birgðir af rekstrarvörum og veiðafærum eru færðar á áætluðu kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu, ef við á.

2.15 Fjármálagerningar

Fjármálagerningar eru færðir í upphafi á gangvirði. Fjármálagerningar eru færðar á viðskiptadegi, en það er dagurinn sem félagið skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina.

Félagið flokkar fjáreignir sínar í eftirfarandi matsflokka:

- þær sem eru færðar á gangvirði (annað hvort í gegnum aðra heildarafkomu eða í rekstrarreikning); og
- þær sem eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði.

Flokkunin byggist annars vegar á viðskiptalíkani félagsins við stýringu á fjáreignum og hins vegar á samningsskilmálum sjóðsstreymisins. Fjáreignir sem er haldið til að hagnast á skammtímaverðbreytingum eru færðar á gangvirði. Hlutabréf (önnur en í dóttur- og hlutdeildarfélögum) og afleiður eru færðar á gangvirði. Fjáreignir sem er haldið til innheimtu samningsbundins sjóðsstreymis, þar sem sjóðsstreymi er eingöngu greiðsla höfuðstóls og vaxta, eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði. Vaxtatekjur af þessum fjáreignum eru færðar með fjármagnstekjum með aðferð virkra vaxta.

Félagið afskráir fjáreignir aðeins þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhættan eða ávinningurinn af fjáreigninni flyst yfir á annað félag.

Skýringar

2.15 Fjármálagerningar (framhald)

Fjárskuldir, þar á meðal skuldir við fjármálastofnanir, eru upphaflega metnar á gangvirði að frádragnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Félagið afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar.

Eignarhlutar í öðrum félögum en hlutdeildarfélögum og dótturfélögum eru metnir á gangvirði og er hagnaður og tap fært í rekstrarreikning. Fjárfestingar í verðbréfum til skamms tíma er haldið til að hagnast á skammtímaverðbreytingum og eru færðar meðal veltufjármuna og er hagnaður eða tap í gegnum rekstrarreikning.

2.16 Afleiður

Afleiðusamningar eru upphaflega færðir á gangvirði og endurmetnir til gangvirðis í lok hvers uppgjörstímabils. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning.

2.17 Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði, að teknu tilliti til gengismunar og niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Félagið metur hvort ástæða sé til niðurfærslu vegna kröfufjármögnunar. Ef um niðurfærslu er að ræða þá er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

2.18 Virðisrýrnun fjáreigna

Félagið metur vænt útlánatap tengt viðskiptakröfum sínum og öðrum eignum í skuldagerningum sem eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði. Aðferðafræðin við mat á virðisrýrnun sem beitt er fer eftir því hvort umtalsverð aukning hefur verið á

Færð er almenn virðisrýrnun og sértæk virðisrýrnun. Við mat á almennri virðisrýrnun er viðskiptakröfum félagsins skipt niður eftir þeim fjölda daga sem þær eru komnar fram yfir gjalddaga. Við mat á föstu niðurfærsluhlutfalli fyrir hvern flokk er horft til tapssögu félagsins og leiðrétt fyrir framtíðarvæntingum um efnahagslega þróun ef þörf er á. Félagið metur einnig einstaka viðskiptavinum eða hópa viðskiptavina sérstaklega ef þeir falla ekki undir ákveðinn flokk eða ef vísbendingar eru um aukna tapsáhættu.

Á hverjum uppgjörstími er farið yfir hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er. Vísbending um að virði fjáreignar hafi rýrnað í virði eru ýmsar hlutlægar vísbendingar um að einn eða fleiri atburðir sem geta haft áhrif á vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar. Ef vænt sjóðstreymi fjáreignarinnar er lægra en bókfært verð hennar er færð sértæk virðisrýrnun á fjáreigninni.

Virðisrýrnun er færð á afskriftarreikning fjáreigna í efnahag og gjaldfærð í rekstrarreikning. Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur og bakfært úr rekstrarreikningi.

2.19 Handbært fé

Handbært fé í efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmi tíma en 3ja mánaða.

2.20 Skuldir við lánastofnanir

Langtíma- og skammtímaskuldir við lánastofnanir eru færðar á nafnverði að frádragnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vextir, gengismunur og verðbætur færast í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta. Lántökukostnaður er eignfærður við lántöku og gjaldfærður eftir lánstíma, með aðferð virkra vaxta.

Lántaka er flokkuð meðal skammtímaskulda nema félagið hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu reikningskila.

Skýringar

2.21 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

2.22 Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söludegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárútspreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

2.23 Leigusamningar

Félagið er leigutaki. Félagið metur hvort nýir samningar feli í sér leigu samkvæmt skilgreiningu IFRS 16. Ef svo er, þá eru leigusamningar færðir til eignar og skuldar með því að afvaxta leigugreiðslur með innri vöxtum samningsins eða með vöxtum sem henni bjóðast. Leigueignir eru eftir það afskrifaðar á áætluðum líftíma leigunnar. Leigugreiðslum er skipt á milli afborgunar af leiguskuldum og vaxta, með aðferð virkra vaxta. Leiguréttindi eru eignfærð í efnahagsreikningi.

2.24 Nýir og breyttir reikningsskilastaðlar og túlkun á þeim

Endurbætur sem tóku gildi þann 1. janúar 2025

Samstæðan hefur innleitt alþjóðlega reikningsskilastaðla, (IFRS, IAS) eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu í lok árs 2025, breytingar á þeim og nýjar túlkanir. Innleiðing þessara breytinga hafa ekki veruleg áhrif á ársreikninginn. Eftirfarandi endurbætur tóku gildi þann 1. janúar 2025.

- Í ágúst 2023 breytti IASB, IAS 21 með því að bæta við kröfum sem hjálpa fyrirtækjum að ákvarða hvort gjaldmiðill sé skiptanlegur í annan gjaldmiðil og hvaða staðgengi skuli nota þegar svo er ekki. Áður en þessar breytingar voru gerðar kvað IAS 21 á um hvaða gengi skyldi nota þegar skiptanleiki vantaði tímabundið, en ekki hvað skyldi gera þegar skortur á skiptanleika er ekki tímabundinn.

2.25 Nýir og endurbættir reikningsskilastaðlar (IFRS) sem ekki hafa tekið gildi

Nokkrar breytingar á reikningsskilastöðlum hafa verið gerðar sem hafa ekki tekið í gildi fyrir reikningsskil 31. desember 2025 og hafa ekki verið innleiddar fyrir gildistíma við gerð þessara reikningsskila. Mat félagsins á nýjum og breytum stöðlum er sett fram hér að neðan.

Breytingar sem gilda fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2026 eða síðar.

- Viðbótarskýringarkröfur fyrir tiltekna fjármálagerninga með samningsskilmála sem geta breytt sjóðstreymi (IFRS 9 og IFRS 7). Stjórnendur hafa lagt mat á hugsanleg áhrif innleiðingar á IFRS 9 og IFRS 7. Áhrif innleiðingarinnar á félagið er ekki veruleg.

- Í júlí 2024 gaf IASB út níu afmarkaðar breytingar sem hluta af reglubundnu viðhaldi á IFRS reikningsskilastöðlum. Breytingarnar fela í sér skýringar, einfaldanir, leiðréttingar eða breytingar til að bæta samræmi í, IFRS 1 Innleiðing IFRS, IFRS 7 Fjármálagerningar, IFRS 9 Fjármálagerningar, IFRS 10 Samstæðureikningsskil og IAS 7 Sjóðstreymi, áhrif innleiðingarinnar á félagið er ekki veruleg.

Breytingar sem gilda fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2027 eða síðar.

- IFRS 18 mun koma í stað núverandi staðals, IAS 1 Framsetning reikningsskila, þar sem nýjar kröfur eru kynntar en markmiðið með staðlinum er að ná frekari samanburðarhæfni á fjárhagslegar frammistöðu sambærilegra aðila og veita meiri viðeigandi upplýsingar og gagnsæi fyrir notendur. Jafnvel þó að IFRS 18 hafi ekki áhrif á færslu eða mat á liðum í reikningsskilum, er búist við að áhrif hans á framsetningu og upplýsingagjöf verði viðtæk.

- Stjórnendur hafa lagt mat á hugsanleg áhrif innleiðingar á IFRS 18.
- Samstæðan mun beita nýja staðlinum frá gildistökudegi hans, 1. janúar 2027. Krafa er um að beita staðlinum afturvirkir og því verða samanburðarupplýsingar fyrir reikningsárið sem lýkur 31. desember 2026 endurbirtar í samræmi við IFRS 18.

Skýringar

2.26 Skilgreining á lykil kennitölum og hugtökum

EBIT

Rekstrarhagnaður fyrir hreinan fjármagnskostnað og skatta.

EBITDA

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, hreinan fjármagnskostnað og skatta. Áhrif af rekstri dóttur- og hlutdeildarfélaganna eru ekki innifalin í EBITDA.

EBITDA hlutfall

EBITDA sem hlutfall af tekjum.

Eiginfjárhlutfall

Eigið fé sem hlutfall af heildareignum.

Ávöxtunarkrafa (WACC)

Vegið meðaltal reiknaðra vaxta af lánsfé og eigin fé.

Skýringar

3. Laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður	2025	2024
Laun	46.948.526	39.953.408
Lífeyrissjóðsgjöld	6.047.588	5.104.990
Önnur launatengd gjöld	4.695.489	3.978.602
Annar starfsmannakostnaður	1.968.358	1.877.530
	<u>59.659.961</u>	<u>50.914.529</u>
Stöðugildi að meðaltali	289	290

Laun vegna stjórnarsetu og forstjóra námu 879 þúsund USD. Í samstæðuársreikningi er gerð nánari grein fyrir launum til stjórnar og stjórnenda.

Félagið er skuldbundið til að greiða lögbundin og samningsbundin iðgjöld með framlagi í almenna lífeyrissjóði og séreignarsjóði. Félagið hefur engar frekari greiðsluskyldur umfram þessi framlög. Félagið færir þessi iðgjöld meðal launatengdra gjalda þegar þau falla til. Starfskjör til skamms tíma fela í sér laun, bónus, hlunnindi og launaðar fjarvistir. Starfskjör til skamms tíma eru gjaldfærð af félaginu eftir því sem hin tengda þjónusta er veitt. Félagið hefur ekki skilgreint eftirlaunakerfi né virkt kaupaukakerfi.

4. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2025	2024
Sérfræðiþjónusta	1.508.533	1.783.545
Rekstur tölvukerfis	732.797	615.718
Ferðakostnaður, félagsgjöld, styrkir o.fl.	1.329.997	1.244.892
Skrifstofukostnaður	326.581	357.795
Breyting niðurfærslu viðskiptakrafna	23.334	66.194
Ýmis annar kostnaður	770.449	907.058
	<u>4.691.691</u>	<u>4.975.202</u>

5. Þóknun til endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda greinist þannig:	2025	2024
Endurskoðun og staðfestingarvinna frá endurskoðendum félagsins.....	292.664	271.784
Önnur þjónusta frá endurskoðendum félagsins.....	9.644	87.285
Endurskoðun og önnur þjónusta frá öðrum endurskoðendum.....	75.816	62.217
	<u>378.124</u>	<u>421.286</u>

Önnur þjónusta frá endurskoðendum félagsins á árinu 2025 er að stærstum hluta vegna vinnu við árshlutareikninga félagsins og aðra heimila þjónustu. Aðkeypt þjónusta frá öðrum endurskoðendum árið 2025 er vegna reikningskilapjónustu, milliverðlagningar og fleira.

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Hreinar fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	Skammtíma- eign / skuld	Langtíma- eign / skuld	Aðrir liðir	Samtals 2025	Samtals 2024
Vaxtatekjur og verðbætur	3.223.946	0	75.349	3.299.295	5.177.573
Vaxtagjöld og verðbætur	(44.239)	(9.302.989)	(106.067)	(9.453.295)	(12.771.326)
Gengismunur	7.764.572	(5.043.066)	65.614	2.787.120	3.220.493
Tekjur/gjöld af verðbréfum og afleiðusamningum	0	0	522.015	522.015	2.355.177
	<u>10.944.279</u>	<u>(14.346.055)</u>	<u>556.911</u>	<u>(2.844.865)</u>	<u>(2.018.083)</u>

Skýringar

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (framhald)

Tekjur (gjöld) af verðbréfum og afleiðusamningum greinast þannig:	2025	2024
Arður af hlutabréfum	25.309	23.400
Hagnaður (tap) af gjaldmiðlaskiptasamningum	136.765	848.453
Hagnaður af vaxtaskiptasamningum	359.941	1.501.271
Verðbreytingar verðbréfa	0	(17.947)
	<u>522.015</u>	<u>2.355.177</u>

7. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru fólgnar í fiskveiðiheimildum og greinist bókfært verð þeirra þannig:

Fiskveiði-
heimildir

Árslok 2024:

Bókfært verð í ársbyrjun	158.276.223
Bókfært verð í árslok	<u>158.276.223</u>

Bókfært verð í árslok 2024 greinist þannig:

Kostnaðarverð	169.821.956
Afskrifað samtals	<u>(11.545.733)</u>
Bókfært verð í árslok	<u>158.276.223</u>

Árslok 2025:

Bókfært verð í ársbyrjun	158.276.223
Bókfært verð í árslok	<u>158.276.223</u>

Bókfært verð í árslok 2025 greinist þannig:

Kostnaðarverð	169.821.956
Afskrifað samtals	<u>(11.545.733)</u>
Bókfært verð í árslok	<u>158.276.223</u>

Fiskiskip félagsins hafa til ráðstöfunar á fiskveiðiárinu, sem hófst 1. september 2025, fiskveiðiheimildir sem eru um 9.795 tonn í þorskígildum af botnfiski. Félagið hefur yfir að ráða 18,49% af úthlutuðum fiskveiðiheimildum af loðnu, 16,63% af úthlutuðum fiskveiðiheimildum í íslenski síld, 29,92% af úthlutuðum fiskveiðiheimildum í kolmunna, 21,37% af norsk-íslenska síldarstofninum, 12,51% í makríl, 2,88% í úthafskarfa og 4,41% í úthlutuðum þorski í Barentshafi.

Bókfært verð fiskveiðiheimilda félagsins hefur verið metið gagnvart endurheimtanlegu virði eignanna, byggt á fyrirliggjandi upplýsingum um hreint söluvirði. Jafnframt hefur verið framkvæmt virðisrýrnunarpróf á eignunum miðað við bókfærða stöðu þeirra í árslok 2025. Í prófinu eru endurheimtanlegar fjárhæðir metnar út frá forsendum um áætlað framtíðar fjárstreymi og fjárhæðir færðar til núvirðis með viðeigandi ávöxtunarkröfu. Niðurstaða virðisrýrnunarprófsins er að engar vísbendingar hafa komið fram um virðisrýrnun og er því engin virðisrýrnun vegna fiskveiðiheimilda færð í ársreikningnum.

Við mat á endurheimtanlegri fjárhæð fiskveiðiheimilda, grundvallað á nýtingarvirði í rekstri, var stuðst við eftirfarandi forsendur:

	Bolfisktegundir		Uppsjávartegundir	
	2025	2024	2025	2024
Nafnvöxtur (lækkun) tekna 2024/2025 2023/2024.....	23,30%	(11,20%)	8,60%	(28,20%)
Veginn árlegur meðalvöxtur tekna 2026 til 2030 2025 til 2029.....	2,76%	2,50%	4,97%	5,83%
Framtíðarvöxtur að teknu tilliti til verðlagsþróunar.....	2,50%	2,50%	2,50%	2,50%
Ávöxtunarkrafa (WACC).....	8,34%	8,63%	8,34%	8,63%

Félagið hefur yfirfarið hvort áhrif af stríðsátökum í Úkraínu og jarðhræringar í Grindavík á markaði og sjóðstreymi geti leitt til virðisrýrnunar. Niðurstaðan er að svo er ekki. Ástæða fyrir miklum nafnvexti á árinu 2025 er fyrst og fremst vegna hækkana á afurðaverðum.

Skýringar

8. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir felast í varanlegum rekstrarfjármunum og fastafjármunum í smíðum. Leiguréttindi eru jafnframt flokkuð meðal rekstrarfjármuna. Varanlegir rekstrarfjármunir sundurliðast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Skip og fylgihlutir	Verksmiðju- vélar og tæki	Samtals
Árslok 2024:				
Bókfært verð í ársbyrjun	35.873.483	85.183.556	54.712.908	175.769.947
Viðbót ársins	2.233.690	5.302.360	7.308.751	14.844.801
Bókfært verð seldra eigna	(535.314)	0	(16.829)	(552.143)
Flutt af fastafjármunum í smíðum	2.675.669	0	0	2.675.669
Afskriftir	(1.606.947)	(7.194.476)	(5.011.493)	(13.812.916)
Bókfært verð í árslok	<u>38.640.581</u>	<u>83.291.440</u>	<u>56.993.337</u>	<u>178.925.357</u>
Bókfært verð í árslok 2024 greinist þannig:				
Kostnaðarverð	81.954.277	142.566.433	130.600.561	355.121.271
Afskrifað samtals	(43.313.696)	(59.274.993)	(73.607.224)	(176.195.913)
Bókfært verð í árslok	<u>38.640.581</u>	<u>83.291.440</u>	<u>56.993.337</u>	<u>178.925.357</u>
Árslok 2025:				
Bókfært verð í ársbyrjun	38.640.581	83.291.440	56.993.337	178.925.357
Viðbót ársins	602.521	58.924	1.210.094	1.871.539
Bókfært verð seldra eigna	(1.566.117)	0	(8.225)	(1.574.342)
Afskriftir	(2.893.891)	(8.354.569)	(4.683.651)	(15.932.111)
Bókfært verð í árslok	<u>34.783.094</u>	<u>74.995.795</u>	<u>53.511.556</u>	<u>163.290.444</u>
Bókfært verð í árslok 2025 greinist þannig:				
Kostnaðarverð	82.786.916	146.959.357	128.772.490	358.518.763
Afskrifað samtals	(48.003.822)	(71.963.562)	(75.260.934)	(195.228.319)
Bókfært verð í árslok	<u>34.783.094</u>	<u>74.995.795</u>	<u>53.511.556</u>	<u>163.290.444</u>
Afskriftahlutföll	0-6%	4-10%	6-20%	
Afskriftir greinast þannig:			2025	2024
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna			15.932.111	13.812.916
Afskriftir leiguréttinda og geymsluhólfa			<u>48.012</u>	<u>48.118</u>
			15.980.123	13.861.034

Skýringar

8. Rekstrarfjármunir (framhald)

Breytingar á fastafjármunum í smíðum greinast þannig:	2025	2024
Heildarverð í upphafi árs	0	2.675.669
Flutt á varanlega rekstrarfjármuni	0	(2.675.669)
Heildarverð í árslok	0	0

Leiguréttindi

Félög innan samstæðunnar hafa gert langtímaleigusamninga um leigu á nótahólfum. Samingarnir eru til 25 ára en leigutaki hefur rétt til ótímabundinnar framlengingar á leigu að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Umsamin leigufjárhæð var öll greidd á árinu 2019 og færð sem langtímakrafa. Á árinu 2022 voru tvö nótahólf tekin til viðbótar á leigu og umsamin leigufjárhæð öll greidd í byrjun árs. Leiguréttindin eru afskrifuð á 25 árum. Próun leigueignar greinist þannig á tímabilinu:

	2025	2024
Leiguréttindi í upphafi árs	1.099.388	1.147.506
Afskrift leiguréttinda	(48.012)	(48.118)
	1.051.376	1.099.388

Fasteignamat og vátryggingaverðmæti

Fasteignamat og vátryggingamat eigna í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat, hús	Fasteignamat, lóð	Vátryggingamat	Bókfært verð
Fasteignir og lóðir	46.885.112	5.642.308	205.439.768	34.783.094
Skip og fylgihlutir	0	0	165.303.355	74.995.795
Vélar og tæki, eignatryggingar	0	0	315.801.001	53.511.556
	46.885.112	5.642.308	686.544.124	163.290.444

9. Eignarhlutir í dótturfélögum

Eignarhlutar í dótturfélögum í árslok:	Hlutdeild 2025	Hlutdeild 2024	Meginstarfsemi
Bergur-Huginn ehf., Vestmannaeyjum.....	100,00%	100,00%	Sjávarútvegsfyrirtæki
Vísir ehf., Grindavík.....	100,00%	100,00%	Sjávarútvegsfyrirtæki
Sjávarmál ehf., Grindavík (dótturfélag Vísir ehf.).....	100,00%	100,00%	Sjávarútvegsfyrirtæki
Mar Guesthouse ehf., Grindavík (dótturfélag Vísir ehf.).....	100,00%	100,00%	Rekstur gistiheimilis
Vísir GmbH., Þýskalandi (dótturfélag Vísir ehf.).....	100,00%	100,00%	Fasteignafélag
DSFU GmbH., Þýskalandi (dótturfélag Vísir ehf.).....	100,00%	100,00%	Sölu-og framleiðslufyrirtæki
Pytheas Seafood P.C., Grikkland (dótturf. Vísir ehf.).....	66,70%	66,70%	Sölu-og framleiðslufyrirtæki
Fóðurverksmiðjan Laxá hf., Akureyri	67,68%	67,68%	Fóðurverksmiðja
Fjárfestingafélagið Vör hf., Neskaupstað.....	60,00%	60,00%	Rekstur eignarhaldsfélaga

Bergur-Huginn ehf. og Bergur ehf. voru sameinuð í upphafi árs 2025. Jafnframt voru Samvís ehf. og Þorvís ehf. sameinuð Vísir ehf. á sama tíma.

Skýringar

9. Eignarhlutir í dótturfélögum (framhald)

Bókfært verð og hlutdeild í afkomu dótturfélaga sundurliðast þannig:	Eignarhlut- deild í %	Hlutdeild í afkomu	Bókfært verð í lok árs
Bergur-Huginn ehf., Vestmannaeyjum.....	100,00%	4.589.095	97.727.911
Vísir ehf. og dótturfélög, Grindavík.....	100,00%	17.372.392	200.831.904
Fóðurverksmiðjan Laxá hf., Akureyri.....	67,68%	845.806	5.599.648
Fjárfestingafélagið Vör hf., Neskaupstað.....	60,00%	39.672	1.799.582
		<u>22.846.966</u>	<u>305.959.045</u>
Breyting á eignarhlutum í dótturfélögum greinist á eftirfarandi hátt:		2025	2024
Hlutdeild 1/1		252.592.876	258.150.707
Hlutdeild í afkomu ársins		22.846.966	5.267.273
Mótttekinn arður		(270.305)	(245.180)
Gengisbreyting / þýðingarmunur		30.789.508	(10.579.924)
		<u>305.959.045</u>	<u>252.592.876</u>

10. Eignarhlutar í hlutdeildarfélagum

Eignarhlutar í hlutdeildarfélagum í árslok:	Eignarhlut- deild í %	Hlutdeild í afkomu	Bókfært verð í lok árs
Atlantic Coast Fishing Corp., Bandaríkjunum.....	100,00%	(122.085)	3.506.200
SR-Vélaverkstæði hf., Siglufirði.....	37,30%	(144.266)	456.084
Arctic Fish Holding AS, Noregi.....	35,89%	(9.349.309)	131.330.104
Polar Pelagic A.S., Grænlandi.....	33,00%	3.856.597	14.946.836
G. Skúlason vélaverkstæði hf., Neskaupstað.....	24,95%	67.768	629.570
Rauðaþing ehf., Neskaupstaður.....	24,95%	169.643	690.973
		<u>(5.521.652)</u>	<u>151.559.767</u>
Breyting á eignarhlutum í hlutdeildarfélagum greinast á eftirfarandi hátt:		2025	2024
Hlutdeild 1/1		126.058.718	133.153.461
Hrein hlutdeild í afkomu		(5.521.652)	523.820
Mótttekinn arður		(191.474)	(204.104)
Keypt á árinu		16.624.068	0
Áhrif gengisbreytinga		14.590.107	(7.414.460)
		<u>151.559.767</u>	<u>126.058.718</u>

Síldarvinnslan hf. á 35,89% eignarhlut í Arctic Fish Holding AS, sem skráð er á Euronext markaðnum í Noregi. Eftirfarandi upplýsingar eru úr ársreikningi Arctic Fish Holding AS 2025 (fjárhæðir í USD).

	31.12.2025	31.12.2024
Fastafjármunir	165.645.853	143.378.336
Veltufjármunir	158.145.942	116.846.384
Langtímaskuldir	(163.697.687)	(142.501.088)
Skammtímaskuldir	(44.517.419)	(25.724.468)
Eigið fé (100%)	<u>115.576.690</u>	<u>91.999.164</u>

Skýringar

10. Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum (framhald)

Eignarhlutur í Arctic Fish Holding AS (framhald)	2025	2024
Tekjur ársins	100.665.673	87.545.134
Hagnaður (tap) ársins	(28.229.117)	2.830.752
Hlutdeild í hagnaði (tapi) ársins (34,2% - 35,89%)	(9.349.309)	968.117
Hlutdeild í lok tímabils (35,89%)	41.480.474	31.463.714
Yfirverð skilgreint sem viðskiptavild	89.849.630	79.572.969
Eignarhluti í árslok (35,89%)	131.330.104	111.036.683

Í lok ársins nam skráð markaðsvirði eignarhluta Síldarvinnslunnar í Arctic Fish Holding AS USD 51.381.865 (NOK 516.832.128).

Í lok reikningsársins var framkvæmt virðisrýmunarpróf á nýtingarvirði viðskiptavildar sem innbyggt er í bókfært verð eignarhlutar í Arctic Fish Holding AS. Virðisrýmunarprófið sýnir að viðskiptavildin stendur undir bókfærðu verði. Nýtingarvirðið byggist annars vegar á mati á endurheimtanlegu virði, þar sem tekið er tillit til verðmæta á leyfum og hins vegar sjóðstreymismati rekstrarins byggt á forsendum stjórnenda Arctic Fish Holding AS. Síldarvinnslan hf. og Mowi ASA Noregi fara með 89,71% hlutafjár í Arctic Fish og endurspeglar velta hlutabréfa félagsins á markaði það.

Mat stjórnenda Síldarvinnslunnar hf. er að ekki sé þörf á að færa virðisrýmun vegna viðskiptavildar sem innifalin er í verðmæti eignarhlutans. Því er engin virðisrýmun gjaldfærð á árinu 2025. Virðisrýmunarpróf eru gerð að minnsta kosti árlega á viðskiptavild. Lykilforsendur sjóðstreymismatsins eru framtíðarvöxtur að teknu tilliti til verðlagsþróunar 2,23% og ávöxtunarkrafa (WACC) uppá 8,42%.

Starfsemi Atlantic Coast Fisheries Corp. felst í 25% eignarhaldi á F/V Holdings LLC sem er útgerðarfélag í Bandaríkjunum. Af þeim sökum er eignahluturinn færður sem hlutdeildarfélag.

Eftirfarandi upplýsingar eru samtölur úr öllum hlutdeildarfélögum Síldarvinnslunnar hf. að undanskildu félaginu Arctic Fish Holding AS 2025 sem fjallað er um hér ofar í skýringunni. (fjárhæðir í USD).

	31.12.2025	31.12.2024
Fastafjármunir	31.446.171	30.493.181
Veltufjármunir	29.540.655	10.397.494
Langtímaskuldir	(2.869.480)	(2.578.503)
Skammtímaskuldir	(7.000.712)	(2.951.245)
Eigið fé	51.116.633	35.360.926
Tekjur ársins	47.225.410	25.205.205
Hagnaður (tap) ársins	12.129.348	(682.386)
Hlutdeild í hagnaði (tapi) ársins	3.827.657	(444.296)
Hlutdeild í lok árs	18.844.153	13.793.161
Yfirverð skilgreint sem viðskiptavild	1.385.510	1.228.875
Eignarhluti í árslok	20.229.663	15.022.036

Skýringar

11. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast á eftirfarandi hátt:	31.12.2025	31.12.2024
Fiskmarkaður Austurlands ehf.	118.943	118.943
Loðnuvinnslan hf.	40.216	40.216
Maris optimum ehf.	17.295	17.295
Iceland Sustainable Fisheries	14.089	14.089
Íslenska lífmassafélagið ehf.	13.328	13.328
Hampiðjan hf.	10.348	10.348
	<u>214.219</u>	<u>214.219</u>

12. Skuldabréfaeign

Skuldabréfaeign félagsins greinist þannig:	31.12.2025	31.12.2024
Staða í ársbyrjun	46.664	135.729
Vaxtatekjur	0	16.591
Gengismunur	1.962	333
Endurflokkun / Innborgun	(48.626)	(105.988)
Staða í árslok	<u>0</u>	<u>46.664</u>

13. Birgðir

Birgðir greinast þannig:	31.12.2025	31.12.2024
Fullunnar afurðabirgðir	35.285.903	33.861.816
Rekstrarvörur	3.226.915	3.148.089
Veiðarfæri	8.632.129	7.196.517
	<u>47.144.947</u>	<u>44.206.422</u>

Fullunnar afurðabirgðir voru að kostnaðarverði USD 35,3 milljónir þann 31.12.2025 samanborið við USD 33,9 milljónir þann 31.12.2024. Að mati stjórnenda mun skilaverð fullunnina afurðabirgða í lok ársins nema allt að USD 48,7 milljónum í samanburði við USD 44,0 milljónir í lok árs 2024. Afar lítil óvissa er um sölu afurðabirgða.

Vörubirgðir félagsins á reikningsskiladegi eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði í lok árs 2025 og byggir m.a. á útreikningum um framlegð og öðrum viðeigandi forsendum.

Skýringar

14. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	31.12.2025	31.12.2024
Almennar viðskiptakröfur	2.128.173	2.100.387
Viðskiptakröfur á dóttur- og hlutdeildarfélag	1.210.971	1.731.781
Viðskiptakröfur á tengd félög	26.031.083	25.744.688
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(177.933)	(154.599)
	<u>29.192.294</u>	<u>29.422.257</u>

Af heildarfjárhæð almennra viðskiptakrafna eru 1.340.250 USD á innlenda aðila.

Kröfur á tengda aðila eru tilgreindar með viðskiptakröfum í efnahagsreikningi en kröfurnar eru allar tilkomnar vegna reglubundinna viðskipta. Á meðal krafna á tengda aðila er krafa á sölufyrirtækið Ice Fresh Seafood ehf. Á bak við kröfuna eru fjölmargar kröfur sölufyrirtækisins á aðila í ýmsum löndum. Samkvæmt samningi milli Síldarvinnslunnar og sölufyrirtækisins ber Síldarvinnslan útlánaáhættu verði greiðslufall hjá endanlegum skuldara að kröfunni.

Síldarvinnslan hf. er með kröfufjármögnun frá viðskiptabanka félagsins. Viðskiptabankinn kaupir kröfur vegna sölu á mjöli og lýsi. Síldarvinnslan ber 5% útlánaáhættu af kröfufjármögnuninni. Samanlög áhætta Síldarvinnunnar hf. 31.12.2025 var USD 0,6 milljónir. Engin varúðarfærsla er færð vegna kröfufjármögunar félagsins.

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta tapsáhættu sem fylgir viðskiptakröfum félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinast þannig:	31.12.2025	31.12.2024
Staða í ársbyrjun	(154.599)	(88.405)
Breyting á niðurfærslu	(23.217)	(66.194)
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu	(117)	0
Staða í árslok	<u>(177.933)</u>	<u>(154.599)</u>

Félagið fylgir fyrirmælum alþjóðlegs reikningsskilastaðals IFRS 9 um niðurfærslu viðskiptakrafna. Viðskiptakröfur eru færðar niður með einfaldri aðferð og byggir matið á sögulegum gögnum um tapsreynslu ásamt því að horft er til efnahagslegra umhverfisþátta á reikningsskiladegi, og væntinga til framtíðar að svo miklu leyti sem það er heimilt samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Aldur viðskiptakrafna og niðurfærsla er eftirfarandi í árslok, sundurliðað eftir dögum fram yfir gjalddaga:

	Nafnverð krafna		Niðurfærsla	
	2025	2024	2025	2024
Ógjaldfallið	27.636.559	28.246.096	0	0
1 - 90 daga	1.472.956	962.439	73.648	7.271
90 daga og eldra	260.713	368.321	104.285	147.328
	<u>29.370.227</u>	<u>29.576.856</u>	<u>177.933</u>	<u>154.599</u>

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	31.12.2025	31.12.2024
Virðisaukaskattur	986.445	2.286.872
Fyrirframgreiddur kostnaður	76.182	1.244.593
Fjármagnstekjuskattur	711.728	1.045.028
Afleiðusamningar	173.002	588.145
Ýmsar aðrar skammtímakröfur	794.026	0
	<u>2.741.383</u>	<u>5.164.639</u>

Skýringar

15. Handbært fé

Handbært fé í efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða.

	31.12.2025	31.12.2024
Bankainnstæður í USD	21.923.442	14.983.409
Bankainnstæður í öðrum myntum	45.218.991	47.044.013
Markaðsverðbréf í íslenskum krónum	9.904.560	29.210.512
	<u>77.046.993</u>	<u>91.237.933</u>

16. Eigið fé

Hlutfé

Útgefnir hlutir í árslok eru alls ISK 1.845.939.749 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Félagið á sjálft hlutfé að nafnverði ISK 108.000 sem er 0,01% af heildarhlutfé. Eigin hlutabréf eru færð til lækkunar á hlutfé. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

Hlutfé greinist þannig:	Hlutfall	Fjárhæð ISK
Heildarhlutfé í árslok	100,0%	1.845.939.749
Eigin hlutir í árslok	(0,01%)	(108.000)
	<u>99,99%</u>	<u>1.845.831.749</u>

Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár

Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð þess hlutfjár sem félagið hefur sjálft selt.

Lögbundinn varasjóður

Lagt hefur verið í varasjóð hlutfall af hagnaði í samræmi við ákvæði hlutfélagalaga. Lögbundinn varasjóður stendur í 25% hámarki af hlutfé í lok árs.

Þýðingarmunur

Þýðingarmunur samanstendur af gengismun sem verður til vegna umreiknings reikningsskila dóttur- og hlutdeildarfélag, sem birta reikningsskil sín í öðrum gjaldmiðlum, yfir í bandaríska dollara.

Bundnir reikningar

Bundnir reikningar samstanda af bundnum hlutdeildarreikningi og bundnum gangvirðisreikningi verðbréfaeignar. Á bundinn hlutdeildarreikning er færður mismunur á hlutdeild sem færð hefur verið í rekstrarreikningi vegna dóttur- og hlutdeildarfélag og mótteknum arði frá sömu félögum. Reikningur er leystur upp ef hlutdeildin er seld eða afskrifuð. Á bundinn gangvirðisreikning eru færðar breytingar á gangvirði fjáreigna á gangvirði í gegn um rekstrarreikning. Gangvirðisreikningurinn er leystur upp þegar breytingin er innleyst.

Í lok árs nemur fjárhæð bundins hlutdeildarreiknings USD 75.329.265 og fjárhæð bundins gangvirðisreiknings verðbréfaeignar USD 796.447, samtals USD 76.125.712.

Skýringar

16. Eigið fé (framhald)

Aðrir bundið eigið fé greinast á eftirfarandi hátt:

	Lögbundinn varasjóður	Þýðingar- munur	Bundinn gangv. reikn.	Bundnir hlutd. reikn.	Samtals
Hreyfingar 2024:					
Staða í ársbyrjun	3.780.653	9.226.079	1.327.821	44.549.696	58.884.248
Þýðingarmunur		(17.994.387)			(17.994.387)
Bundinn hlutdeildarreikningur				5.534.843	5.534.843
Bundinn gangvirðisreikningur			(531.374)		(531.374)
Staða í árslok	3.780.653	(8.768.308)	796.447	50.084.539	45.893.331
	Lögbundinn varasjóður	Þýðingar- munur	Bundinn gangv. reikn.	Bundnir hlutd. reikn.	Samtals
Hreyfingar 2025:					
Staða í ársbyrjun	3.780.653	(8.768.308)	796.447	50.084.539	45.893.331
Þýðingarmunur		45.379.616			45.379.616
Bundinn hlutdeildarreikningur				25.244.726	25.244.726
Staða í árslok	3.780.653	36.611.308	796.447	75.329.265	116.517.673

17. Skuldir við lánastofnanir

Vaxtaberandi langtímaskuldir við lánastofnanir greinast þannig í árslok:

	31.12.2025	31.12.2024
Skuldir í USD	73.000.000	139.457.363
Skuldir í EUR	72.228.463	29.480.134
Skuldir í NOK	0	9.938.778
Skuldir í JPY	0	3.189.219
	145.228.463	182.065.494
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(8.015.231)	(3.466.667)
Langtímaskuldir í árslok	137.213.232	178.598.827

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir
Næsta árs afborganir	8.015.231
Afborganir á árinu 2027	8.015.231
Afborganir á árinu 2028	8.015.231
Afborganir á árinu 2029	8.015.231
Afborganir síðar	113.167.539
	145.228.463

Langtímaskuldir samtals USD 145.228.463, koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2026, færðar meðal skammtímaskulda.....	8.015.231
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	137.213.232
	145.228.463

Skýringar

17. Skuldir við lánastofnanir (framhald)

Breyting langtímaskulda greinist þannig:

	31.12.2025	31.12.2024
Langtímaskuldir í upphafi árs	182.065.494	188.728.480
Tekin ný langtímalán	144.993.843	0
Afborganir langtímalána	(186.975.588)	(3.466.667)
Gengismunur og lotaður lántökukostnaður	5.144.714	(3.196.320)
Langtímaskuldir í lok árs	145.228.463	182.065.494

Langtímaskuldir eru háðar sérstökum viðmiðunum um eiginfjárlutfall og skuldsetningarhlutfall (Net debt to EBITDA ratio). Skilmálar lánasamninga eru prófaðir ársfjórðungslega og stóðustu allt tímabilið. Engar vísbendingar eru um að félagið standist ekki lánaskilmála við næsta útreikning og í framtíðinni.

18. Tekjuskattsskuldbinding

Breyting tekjuskattsskuldbindingarinnar á árinu greinist þannig:

	31.12.2025	31.12.2024
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	36.770.970	36.266.804
Tekjuskattur af reglulegri starfsemi án leiðréttinga fyrri ára	12.111.956	10.120.719
Tekjuskattur til greiðslu	(13.079.528)	(9.616.553)
Áhrif á leiðréttingum vegna fyrri ára	860.836	0
	36.664.234	36.770.970

Tekjuskattsskuldbinding (-inneign) greinist þannig á eftirfarandi liði:

	31.12.2025	31.12.2024
Varanlegir rekstrarfjármunir	19.885.153	19.743.532
Óefnislegar eignir	15.527.937	15.660.875
Aðrir liðir	1.251.144	1.366.564
	36.664.234	36.770.970

Tekjuskattsskuldbinding svarar að jafnaði til þess tekjuskatts sem eftir gildandi skattalögum kæmi til greiðslu ef eignir félagsins væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

	31.12.2025	31.12.2024
Tekjuskattur til greiðslu	13.079.528	9.616.553
Frestaður tekjuskattur	36.664.234	36.770.970
	49.743.762	46.387.523

Reiknaður tekjuskattur félagsins af hagnaði fyrir skatta (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn þeirri fjárhæð sem kæmi út ef tekjuskattshlutfall er notað til útreikningsins sem hér greinir:

	2025		2024	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta	75.432.637		53.996.555	
Reiknaður tekjuskattur miðað við 20% / 21% skatthlutfall	(15.086.527)	20,0%	(11.339.276)	21,0%
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaganna	3.465.063	-4,6%	1.216.130	-2,3%
Óskattskyld vegna arðstekna og verðbreytinga hlutabréfa	5.062	0,0%	1.145	0,0%
Áhrif ófráttarþærra gjalda og annarra liða	(495.554)	0,7%	1.282	0,0%
	(12.111.956)	16,1%	(10.120.719)	18,7%

Skýringar

19. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir greinast þannig í lok árs:	31.12.2025	31.12.2024
Innlendar viðskiptaskuldir	4.456.894	7.096.276
Erlendar viðskiptaskuldir	286.120	3.098.489
	<u>4.743.014</u>	<u>10.194.765</u>
Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig í lok árs:	31.12.2025	31.12.2024
Ógreidd laun og launatengd gjöld	3.655.155	3.759.957
Afleiðuskuld	323.684	875.592
Ógreiddir áfallnir vextir	255.544	926.247
Aðrar skuldir	803.485	652.524
	<u>5.037.868</u>	<u>6.214.320</u>

20. Veðsetningar, ábyrgðir og önnur mál

Á eignum félagsins hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum félagsins, í árslok 2025 nam uppreiknað virði skuldbindinga til trygginga USD 627,2 milljónum.

	Tryggingabréf	Bókfært verð eigna
Skip	627.219.969	74.995.795
Fasteignir	0	34.783.094
	<u>627.219.969</u>	<u>109.778.889</u>

Ábyrgðarskuldbindingar:

Félagið hefur gengist í ábyrgðir fyrir dótturfélag sitt, Berg-Hugin ehf., til tryggingar á öllum skuldum þess við viðskiptabanka félagsins. Fjárhæð ábyrgðarinnar nemur samtals USD 24.860.531 (ISK 3.112.538.469) í lok árs 2025.

Rekstrarstöðvunartrygging:

Félagið er með rekstrarstöðvunartryggingu sem tekur til fjárhagslegs tjóns sem félagið getur orðið fyrir vegna rekstrarstöðvunar. Vátryggingafjárhæð tryggingarinnar nemur USD 108,8 milljónum í lok árs 2025.

21. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar félagsins eru dótturfélög, hlutdeildarfélag, stjórn félagsins, forstjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa veruleg áhrif sem stórir hluthafar í félaginu. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Árið 2024	Vaxtatekjur af skammt. láni	Seldar vörur og þjónusta	Keyptar vörur og þjónusta	Viðskipta- kröfur	Viðskipta- skuldir
Félög með eignaraðild.....	0	211.521	4.382.121	68.927	2.147
Dótturfélög.....	93.084	16.281.742	3.722.166	1.713.756	46.310
Hlutdeildarfélag.....	0	143.811	5.923.857	18.025	242.715
Aðrir tengdir aðilar.....	0	99.080.010	22.063.547	25.675.761	2.228.903
	<u>93.084</u>	<u>115.717.084</u>	<u>36.091.691</u>	<u>27.476.469</u>	<u>2.520.075</u>
Árið 2025	Vaxtatekjur af skammt. láni	Seldar vörur og þjónusta	Keyptar vörur og þjónusta	Viðskiptakröfur	Viðskiptaskuldir
Félög með eignaraðild.....	0	41.507	40.074	0	0
Dótturfélög.....	0	16.325.169	1.910.742	1.125.414	1.586
Hlutdeildarfélag.....	0	414.328	7.786.458	85.557	608.740
Aðrir tengdir aðilar.....	0	137.765.273	22.165.939	26.031.083	237.700
	<u>0</u>	<u>154.546.277</u>	<u>31.903.213</u>	<u>27.242.054</u>	<u>848.026</u>

Í efnahagsreikningi eru viðskiptakröfur á tengda aðila færðar meðal viðskiptakrafna. Sjá umfjöllun í skýringu 14 um kröfurnar og niðurfærslu viðskiptakrafna.

Skýringar

22. Fjárhagsleg áhættustýring

Starfsemi Síldarvinnslunnar hefur í för með sér margvíslega fjárhagslega áhættu s.s. breytingar á gengi erlendra gjaldmiðla, vaxtabreytingar, áhættu vegna lánsviðskipta og lausafjárahættu. Fyrirgreindir þættir geta haft áhrif á afkomu félagsins og virði þess. Áhættustýring Síldarvinnslunnar miðar m.a. að því að greina, meta og stýra þessum áhættuþáttum.

Stjórn og forstjóri móðurfélagsins hefur eftirlit með áhættustýringu samstæðunnar. Markmið samstæðunnar með áhættustýringu er að uppgötva, skilgreina og greina áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Aðferðir við áhættustýringu eru yfirfarnar reglulega til að endurspegla breytingar á markaðsaðstæðum og starfsemi samstæðunnar. Það getur haft neikvæð áhrif á samstæðuna ef eftirlit og öryggisráðstafanir reynast vera ófullnægjandi.

Eftirfarandi áhættuþættir fylgja fjármálagerningum félagsins:

Markaðsáhætta

- Gjaldmiðla- og uppgjörsáhætta
- Vaxta- og fjármögnunaráhætta

Lánsáhætta

Lausafjárahætta

Rekstraráhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreinda áhættuþætti, markmið, stefnu og aðferðir félagsins við að meta og stýra áhættunni, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu hennar.

22.1 Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vöxtum hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Önnur markaðsáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum eru óverulegur hluti af starfsemi félagsins. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

22.1 a Gjaldmiðla- og uppgjörsáhætta

Stærsti fjárhagslegi áhættuþáttur félagsins er gjaldmiðlaáhætta. Gjaldmiðlaáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vöxtum og gengi hlutabréfa hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjárfestinga þess í fjármálagerningum. Markmið með stýringu gjaldmiðlaáhættu er að takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Félagið býr við gengisáhættu vegna sölu afurða og lántöku í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðli. Helstu gjaldmiðlar sem skapa gengisáhættu eru íslensk króna (ISK), evrur (EUR), norskar krónur (NOK) og japanskt jen (JPY). Reikningsskil félagsins eru í Bandaríkjadollar (USD). Heimsmarkaðsverð á mjóli og lýsi ræðst í USD, einnig er olíukostnaður í USD.

Lántaka félagsins í erlendum gjaldmiðlum myndar gengisáhættu sem að hluta til er varin með sjóðstreymi félagsins.

Skýringar

22. Fjárhagsleg áhættustýring (framhald)

22.1 a Gjaldmiðla- og uppgjörshættu (framhald)

Bókfært verð fjáreigna og fjárskulda sem háðar eru gengisáhættu greinist þannig í lok árs:

Árið 2024	ISK	EUR	GBP	NOK	Aðrir gjaldmiðlar
Eignarhlutir í öðrum félögum	214.219	0	0	0	0
Skuldabréfaeign	46.665	0	0	0	0
Viðskiptakröfur og kröfur á tengd félög	2.965.639	7.314.283	3.220.626	28.768	35.617
Handbært fé	37.485.820	16.857.609	1.081.280	20.462.544	367.272
Aðrar skammtímakröfur	5.164.639	0	0	0	0
Skuldir við lánastofnanir	0	(29.480.134)	0	(9.938.778)	(3.189.219)
Viðskiptaskuldir og skuldir við tengd félög	(5.901.478)	(800.282)	(2.764)	(1.665.426)	(1.467.416)
Aðrar skammtímaskuldir og ógr. skattar	(13.778.522)	(1.291.573)		(297.938)	(16.298)
Samtals jöfnuður í USD	26.196.982	(7.400.097)	4.299.142	8.589.170	(4.270.044)

Árið 2025	ISK	EUR	GBP	NOK	Aðrir gjaldmiðlar
Eignarhlutir í öðrum félögum	214.219	0	0	0	0
Viðskiptakröfur og kröfur á tengd félög	2.150.957	6.158.187	5.149.348	1.419	1.068.246
Handbært fé	20.196.982	31.106.390	3.287.950	324.160	208.069
Aðrar skammtímakröfur	2.741.383	0	0	0	0
Skuldir við lánastofnanir	0	(72.228.463)	0	0	0
Viðskiptaskuldir og skuldir við tengd félög	(3.912.499)	(521.112)	(2.974)	(184.869)	(536.084)
Aðrar skammtímaskuldir og ógr. skattar	(17.435.565)	0	0	0	0
Samtals jöfnuður í USD	3.955.477	(35.484.998)	8.434.324	140.710	740.231

Gjaldmiðlaskiptasamningar eru notaðir til að verjast gengisáhættu samstæðunnar að hluta. Hættu er þó á að slíkir samningar dugi ekki til að verjast allri gengisáhættu samstæðunnar. Markmið með stýringu gjaldmiðlaáhættu er að takmarka áhættu jafnframt því sem ábati er hámarkaður. Opnar stöður gjaldeyris- og skiptasamninga um áramót eru færðar meðal annarra skammtímakrafna og annarra skammtímaskulda en breytingar á virði samninga eru færðar í rekstrarreikning meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda. Verulegar sveiflur í fyrrgreindum gjaldmiðlum getur haft veruleg áhrif á afkomu félagsins.

Uppgjörshættu felst í þeim eignum og skuldum félagsins sem bókfærðar eru í erlendum gjaldmiðlum og endurspeglast í gengisliðum í rekstrarreikningi. Uppgjörshættu félagsins er til komin vegna þess að uppgjörsmýnt félagsins er USD, en hluti af rekstrarkostnaði er í íslenskum krónum og hluti viðskiptakrafna, stærsti hluti viðskiptaskulda, auk hluta handbærs fjár er í öðrum erlendum myntum og því myndast gengishagnaður eða gengistap og færast meðal fjármagnsliða í fjárhagsuppgjöri félagsins. Birgðir félagsins eru bókaðar í þeim gjaldmiðlum sem þær eru seldar í og hafa því áhrif á uppgjörshættu.

Starfrækslugjaldmiðill félagsins er bandaríkjadollar (USD). Starfrækslugjaldmiðillinn verður evra (EUR) frá 1. janúar 2026. Tekjur samstæðunnar í evru hafa aukist síðustu ár með auknum bolfiskheimildum. Að undanskildum launakostnaði er stærsti gjaldaliður félagsins olíukaup, en sá kostnaður er tilgreindur í USD. Félagið hefur þó jafnframt tekjur og gjöld í öðrum myntum. Helst er þar að nefna ISK, NOK, JPY, EUR og GBP.

Skýringar

22. Fjárhagsleg áhættustýring (framhald)

22.1 a Gjaldmiðla- og uppgjörsáhætta (framhald)

Næmnigreining

Styrking bandaríkjadollar um 10% gagnvart eftirtöldum gjaldmiðlum þann 31. desember hefði hækkað (lækkað) afkomu félagsins fyrir tekjuskatt um eftirfarandi fjárhæðir. Greiningin byggir á að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist óbreyttar og tekur tillit til áhrifa af gjaldmiðlaskiptasamningum sem voru opnir í lok árs.

	2025	2024
ISK	(4.405.876)	(5.218.034)
EUR	5.429.620	1.260.632
GBP	(843.432)	(429.914)
NOK	284.129	(858.917)
Aðrir gjaldmiðlar	(74.023)	427.004
	<u>390.417</u>	<u>(4.819.229)</u>

22.1 b Vaxta- og fjármögnunaráhætta

Vaxtaáhætta felst í því þegar vextir á eignum og skuldum breytast ekki á sama tíma. Gengishreyfingar, verðbólga og verðbólguvæntingar kunna að hafa áhrif á vaxtastig og þar með fjármagnsliði samstæðunnar. Félagið býr við vaxtaáheitu vegna vaxtagreiðslna af skuldum og vaxtaberandi eignum. Vaxtaform skulda og eigna félagsins eru breytilegir vextir og fastir vextir í mismunandi myntum. Greiðsluáhætta vegna vaxta er þrjúþætt, gengishátta, verðbólguáhætta og hækkun breytilegra vaxta. Langtímaskuldir félagsins bera blöndu af föstum og breytilegum vöxtum.

Þegar endurskoðunartími fastvaxta lána félagsins nálgast getur félagið séð hvort greiðslubyrði hækki og þar með gripið til ráðstafana. Áhætta varðandi endurfjármögnun er alltaf til staðar hjá félögum sem eru fjármögnuð með lántökum. Bæði er til staðar hætta á því að félagið nái ekki að fjármagna sig á sambærilegum eða betri kjörum og áður og einnig hætta á því að félagið takist ekki að endurfjármagna lán sín fyrir gjalddaga eða semja um áframhaldandi fjármögnun og geti því mögulega ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar.

22.2 Lánsáhætta

Lánsáhætta er hætta á að félagið verði fyrir fjárhagslegu tapi ef viðskiptamaður eða mótaðili í viðskiptum getur ekki staðið við umsamar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er vegna viðskiptakrafna, viðskiptakrafna á tengda aðila, kröfufjármögnunar, skuldabréfaeignar og annarra skammtímakrafna og ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi mótaðila. Jafnframt ræðst staðan af stöðu erlendra aðila sem sölufyrirtæki, sem telst tengt félag, selur til þeirra þar sem útlánaáhætta liggur hjá félaginu verði greiðslufall. Stjórnendur félagsins fylgjast með innheimtu viðskiptakrafna með reglubundnum hætti og eru kröfurnar færðar niður ef talið er að þær muni ekki innheimtast að fullu.

Félagið beitir aðferðum, sem tilgreindar eru í skýringu 2.17, við að meta viðskiptakröfur og hugsanlega virðisrýrnun þeirra, svo og við að meta niðurfærslu þörf vegna kröfufjármögnunar. Í skýringu 14 er að finna upplýsingar um fjárhæð viðskiptakrafna og niðurfærslu þeirra, svo og upplýsingar um fjárhæð útlánaáheitu félagsins af kröfufjármögnun. Í árslok er óverulegur hluti krafna í vanskilum. Söguleg tölur krafna eru afar lág.

Skýringar

22. Fjárhagsleg áhættustýring (framhald)

22.2 Lánsáhætta (framhald)

Mögulegt tap vegna lánsáhættu

Mesta mögulega tap félagsins vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

	31.12.2025	31.12.2024
Viðskiptakröfur	1.950.240	1.945.788
Viðskiptakröfur á tengda aðila	27.242.054	27.476.469
Skuldabréfaeign	0	46.665
Aðrar sammtímarkröfur	2.741.383	5.164.639
Handbært fé	77.046.993	91.237.933
	<u>108.980.671</u>	<u>125.871.494</u>

22.3 Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor félagsins. Lausafjárstaða félagsins er sterk eins og sjá má af efnahagsreikningi félagsins og er það stefna félagsins að halda þeirri stöðu sterkri.

Handbært fé í árslok 2025 nam um 77,0 milljónum USD og hefur félagið möguleika á skammtímalánalínum ef þörf er á. Félagið leitast við að eiga nægt fé til þess að standa straum af afborgunum lána. Minnki aðgangur félagsins að lausafé getur það haft neikvæð áhrif á sjóðstreymi og afkomu og þar með getu félagsins til að standa við skuldbindingar sínar.

Eftirfarandi er yfirlit sýnir fjárskuldir félagsins, annarra en afleiðuskulda, og ónúvirt framtíðar sjóðflæði vegna þeirra skulda. Fjárflæði miðast við kjör lánasamninga í árslok.

Árið 2024	Bókfært verð	Umsamið sjóðstreymi	Innan 1 árs	1-2 árs	2-5 ár	Meira en 5 ár
Óverðtryggð lán.....	182.065.494	199.158.650	14.830.729	184.327.921	0	0
Viðskiptaskuldir.....	10.194.765	10.194.765	10.194.765	0	0	0
Aðrar skammtímask.....	6.214.320	6.214.320	6.214.320	0	0	0
Skuldir við tengd félög.....	2.520.075	2.520.075	2.520.075	0	0	0
	<u>200.994.653</u>	<u>218.087.810</u>	<u>33.759.889</u>	<u>184.327.921</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
Árið 2025	Bókfært verð	Umsamið sjóðstreymi	Innan 1 árs	1-2 árs	2-5 ár	Meira en 5 ár
Óverðtryggð lán.....	145.228.463	173.167.566	14.896.554	14.505.993	143.765.019	0
Viðskiptaskuldir.....	4.743.014	4.743.014	4.743.014	0	0	0
Aðrar skammtímask.....	5.037.868	5.037.868	5.037.868	0	0	0
Skuldir við tengd félög.....	848.026	848.026	848.026	0	0	0
	<u>155.857.371</u>	<u>183.796.474</u>	<u>25.525.462</u>	<u>14.505.993</u>	<u>143.765.019</u>	<u>0</u>

Skýringar

22.4 Rekstraráhætta

Rekstraráhætta getur leitt til beins eða óbeins taps sem getur orðið vegna allra þátta í starfsemi félagsins. Meðal áhættupátta er vinna starfsmanna félagsins, tækni og skipulag sem beitt er, og ytri þættir aðrir en láns-, markaðs- og lausafjánhætta.

Meiriháttar breytingar á stjórnkerfi fiskveiða gætu falið í sér óvissu og áhættu fyrir rekstur sjávarútvegsfyrirtækja. Stjórnvöld setja lög og reglugerðir um stjórnun fiskveiða sem ætlað er að stuðla að skynsamlegri nýtingu fiskistofna. Slíkar stjórnvaldsaðgerðir kynnu að takmarka úthlutun aflaheimilda en þær eru ein af grunnforsendum fyrir rekstri sjávarútvegsfyrirtækja. Þannig getur breyting á úthlutun aflaheimilda og heimildum á framsali þeirra haft áhrif á rekstur og afkomu fyrirtækja í sjávarútvegi og þar með Síldarvinnslunnar.

Félagið býr við áhættu vegna náttúrubreytinga enda eru veiðar og vinnsla á fiski meðal annars háðar vexti og viðgangi fiskstofna við landið, ásamt deilistofnum sem nýttir eru með öðrum þjóðum. Breytingar á náttúruferli og aðstæðum í hafinu geta valdið minnkun veiðistofna, breyttri samsetningu þeirra og samdrætti í afla samstæðunnar og þannig haft bein áhrif á fjárhagslega afkomu hennar.

Stjórn og stjórnendur félagsins leitast við að stýra rekstraráhættu með hagkvæmum hætti til að forðast fjárhagslegt tap og til að vernda orðstír þess. Til að draga úr rekstraráhættu er meðal annars komið á stýringu á veiðum og vinnslu afla, viðeigandi aðskilnaði starfa, eftirliti með viðskiptum og fylgni við lög, starfsmenn þjálfaðir, verkferlar skipulagðir og skráðir og tryggingar keyptar þegar við á.

22.5 Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða félagsins sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar. Eiginfjárlutfall félagsins var um 78,0% í árslok 2025.

22.6 Verðbólguáhrif

Hækkun verðbólgu eykur kostnað félagsins, þar sem stór hluti útgjalda þess er í íslenskum krónum.

23. Önnur mál

Starfrækslugjaldmiðill

Frá og með 1. janúar 2026 mun starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill Síldarvinnslunnar vera í evrum í stað bandaríkjadollar. Breytingin endurspeglar breytingar á efnahagslegu umhverfi Síldarvinnslunnar og samstæðu hennar, þar sem tekjur, kostnaðargrunnur og fjármögnun tengist nú í auknum mæli evrunni. Eftir breytinguna verða fjárhagslegar upplýsingar félagsins framsettar í evrum og verður samanburðartölum breytt til samræmis, sbr. IAS 21.

Hækkun veiðigjalda

Í júlí 2025 samþykkti Alþingi breytingar á lögum um veiðigjald. Í desember 2025 var tilkynnt um áætlaða fjárhæð veiðigjalda fyrir árið 2026 á grundvelli lagabreytingarinnar. Breytingarnar fela í sér verulega hækkun veiðigjalda á helstu tegundum sem samstæðan veiðir, einkum botnfiski og uppsjávartegundum.

Eldur í vinnslu hlutdeildarfélagsins Cabo Norte á Spáni

Í lok janúar 2026 braust út eldur í vinnslu hlutdeildarfélagsins Cabo Norte á Spáni. Vinnslan gjöreyðilagðist en ekki varð manntjón. Eignin var vátryggð og með skjóttum viðbrögðum stjórnenda og starfsfólks hefur tekist að tryggja afgreiðslu pantana til þessa. Málið er í vinnslu hjá stjórnendum, sérfræðingum og viðeigandi stjórnvöldum.

Jarðhræringar við Grindavík

Kvikusöfnun hefur haldið áfram á Reykjanesskaga, en ekki hefur gosið frá 5. ágúst 2025. Vinnsla félagsins hefur gengið án raskana. Stjórnvöld og sérfræðingar hafa ekki lýst yfir goslokum og fylgjast stjórnendur áfram náið með framvindu og hafa aðgerðaáætlanir til staðar.